

## REGLUGERÐ

### um rækjuveiðar á Breiðafirði 2003.

#### 1. gr.

Á tímabilinu 15. maí til 30. júní 2003, er skipum sem eru 105 brl. að stærð eða minni og skráð eru frá höfnum á norðanverðu Snæfellsnesi og gerð eru út þaðan heimilt að stunda rækjuveiðar á Breiðafirði, sunnan  $65^{\circ}10'N$  og utan línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Krossnessvita. Við veiðar á þessu svæði skulu skipin búin seiðaskilju, sbr. reglugerð nr. 304 3. maí 1999. Afli sem fenginn er við þessar veiðar reiknast til úthafs rækjuaflla skipsins.

#### 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. maí 2003.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Jón B. Jónasson.*